

Fréttapistill frá forseta Íslands

3. ágúst 2020

Laugardaginn 1. ágúst var ég settur í embætti í annað sinn. Athöfnin í Alþingishúsinu var með allt öðru og minna sniði en venjulega og réðu því varnir gegn veirunni skæðu. Nánari lýsingu á viðburðinum og ávarp mitt við innsetninguna má lesa á heimasíðu forsetaembættisins: <https://www.forseti.is/.../2020-08-01-embattistaka.../>

Ég þakka fyrir allar þær hlýju kveðjur sem hafa borist mér og okkur hjónum eftir innsetningarathöfnina. Ég þakka söngkonunum Esther Taliu Casey og Sigrúnu Hjálmtýsdóttur – Diddú – og öðru tónlistarfólki, sem lagði sitt af mörkum á viðburðinum, fyrir þeirra góða framlag. Þá þakka ég öllum þeim embættismönnum sem unnu að því fram á síðustu stundu að breyta skipulagi hans í samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda. Loks ítreka ég hér þá hvatningu í ávarpi mínu að sýna sem fyrr samstöðu og seiglu í glímu okkar við vágestinn skæða, og fylgja áfram tilmælum stjórnvalda og forystusveitar okkar í almanna- og veiruvörnum.

Nú er laust til umsóknar starf sérfræðings við embætti forseta Íslands. Upplýsingar um starfið má sjá á Starfatorgi undir þessum hlekk: <https://www.stjornarradid.is/.../2020/07/29/Serfraedingur/>.

Á miðvikudaginn var tók ég við nýju riti um sögu Snorraverkefnisins. Til þess var stofnað fyrir 20 árum og undir merkjum þess hafa íbúar í Vesturheimi af íslenskum uppruna haldið til Íslands, stundað hér nám og kynnst heimahögum forfeðra sinna og formæðra. Venja er að forseti taki á móti þátttakendum í Snorraverkefninu á Bessastöðum. Veiran skæða veldur því að engir hópar hafa komið til Íslands í ár en stefnt er að því að taka upp þráðinn á ný á næsta ári. Julie Summers, ritstjóri verksins, og Pála Hallgrímsdóttir, verkefnisstjóri Snorrasjóðs, afhentu mér afmælisritið á Staðastað, skrifstofu forseta við Sóleyjargötu í Reykjavík.

Vestanhafs halda íbúar af íslenskum uppruna Íslendingadaginn um þessar mundir. Af því tilefni sendi ég þeim kveðju sem horfa má á hér að neðan.

Í venjulegu árferði bærust okkur núna fregnir af því hvernig skemmtanahald hefði gengið víða um land og við hverju megi búast um þunga í umferðinni hér og þar, ekki síst í grennd við höfuðborgarsvæðið. Nú eru aðstæður aðrar. Ég vona að við náum eins góðum tókum á veirunni og hægt er. Stefnum því sem fyrr að því að vera hluti lausnarinnar en ekki vandans. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.